

**Fundur stýrrihóps um menntastefnu Hafnarfjarðar
haldinn fimmtudaginn 12. september í Keili, Linnetsstíg 3 á 3ju hæð.**

Fundur hófst kl. 9.30.

Mætt eru: Arnbjörn Ólafsson, Kristín Thoroddsen, Sigrún Sverrisdóttir og Sigurður Þ. Ragnarsson og frá skrifstofu mennta- og lýðheilsusviðs Fanney Dórothe Halldórsdóttir, Geir Bjarnason, Jenný Dagbjört Gunnarsdóttir og Vigfús Hallgrímsson.

Fjarverandi: Margrét Vala Marteinsdóttir og Vaka Ágústsdóttir og ritari starfshópsins, Hrund A. Guðmundsdóttir.

Vigfús Hallgrímsson ritaði fundargerð.

Dagskrá fundar

Mál 1: Kynningarbréf vegna kynningarfunda um gerð menntastefnu.

Farið yfir drög að bréfi sem verður sent út til vegna tveggja stefnumótunarfunda sem verða haldnir þriðjudaginn 24. september, kl. 15 í Víðistaðaskóla og kl. 15.15 í Hraunvallaskóla. Staðfest á skólastjórum skólanna með dagana og tímana.

Taka þarf skýrt fram að þetta sé boð og það þarf ekki að skrá sig á fundina.

Mál 2: Útsendingarlisti á kynningarfundina

Hópurinn sem á að fá þetta boð: Starfsfólk leiks- og grunnskóla, bæjarskólar og einkareknir, stjórnir foreldrafélaga leik- og grunnskóla, skólaráð grunnskóla og foreldraráð leikskóla, foreldraráð Hafnarfjarðar (leikskólar og grunnskólar), skólanefndir Flensborgar og Tækniskólans, starfsfólks skóla- og frístundabjónustu, ungmennaráð, ÍTH nefnd, nemendaráð grunnskóla, bæjarfulltrúar, sviðsstjórar, starfsfólk skrifstofu mennta- og lýðheilsusviðs, stjórn ÍBH og starfsmaður, starfsfólk tónlistarskóla Hafnarfjarðar, Markaðsstofa Hafnarfjarðar, Theodór hjá Menntasetrinu við Lækinn, stjórn dagforeldra í Hafnarfirði, stýrihópur Brúarinnar, Háskóli unga fólksins.

Mál 3: Dagskrá kynningarfundanna

Setning fundar: Kristín María
Kynning á stefnumótunarverkefninu: Fanney/Kristín
Fyrirlestur um stefnumótunavinnu: Gylfi Dalmann Aðalsteinsson
Lok samverustundar: Fanney

Kynning verður unnin áfram og hópurinn fær tækifæri til að bæta í efnið.

Mál 4: Önnur mál

Mál sem voru rædd:

- i. *Samráðsgátt:* Rætt um hvernig hægt væri að nota samráðsgátt bæjarins. Fá fund með Árdísi og Sigurjóni varðandi notkun á gáttinni í tengslum við stefnumótunavinnuna. Fanney og Kristín vinna í þessu.
- ii. *Leiðtogar:* Umræða um hlutverk þeirra sem yrðu skilgreindir sem leiðtogar. Rætt um að kynna þessa hugmynd frekar fyrir skólastjórnendum á næsta skólastjórafundi hvors skólastígs. Spurt um kostnað við slíkt fyrirkomulag og kalla viðkomandi „menntastefnuleiðtoga“.
- iii. *Stefnumótunarfundirnir framundan:* Rætt um skipulag fundanna sem eru framundan. Kristín er með gögn frá Reykjavík um slíka framkvæmd og ætlar að kynna hópnum næst. Engar ákvarðanir teknar.
- iv. *Starfshópurinn:* Umræða um hvernig þessi starfshópur verði skipaður.

Fundi slitið 10.30.